

# Fréttabréf



FRÉTTABRÉF LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA RÍKISINS OG LÍFEYRISSJÓÐS HJÚKRUNARFRÆÐINGA



## A-deild LSR 10 ára

Um þessar mundir eru 10 ár frá því að A-deild LSR tók til starfa. Með lögum sem tóku gildi 1. janúar 1997 var LSR skipt í tvær deildir, A-deild sem var þá nýtt réttindakerfi og B-deild sem byggir á eldra réttindakerfi. Markmið með breytingunni var að stofna nýja deild við lífeyrissjóðinn þar sem réttindi sjóðfélaga væru að fullu fjármögnuð með iðgjöldum og ávöxtun þeirra. Iðgjöld væru borguð af öllum launum og verðmæti heildarréttinda væru hliðstæð í nýju

kerfi og þau höfðu verið í eldra kerfi. Margvíslegar breytingar voru gerðar á réttindaávinningi sjóðfélaga og segja má að þau hafi verið aðlöguð að breyttum þjóðfélagsháttum. Á þessum 10 árum hefur A-deildin vaxið frá núlli í það að verða sterkur lífeyrissjóður, með rúmlega 91 milljarð króna í hreina eign til greiðslu lífeyris og tæplega 25 þúsund sjóðfélaga sem greiða árlega iðgjald til sjóðsins.

## Góð ávöxtun

Ávöxtun ársins 2006 hjá LSR og LH var góð. Nafnávöxtun LSR nam 18,7% og LH 18,9%. Talsverð verðbólga var á síðasta ári og að teknu tilliti til hennar nam hrein raunávöxtun LSR 10,9% og LH 11,1%. Erlendar eignir sjóðanna ávöxtuðust mun betur en innlendar eignir sem stafar bæði af hækkingu á erlendum mörkuðum og veikingu íslensku krónunnar.

Góð áhættudreifing spilaði lykilhlutverk í ávöxtun sjóðanna á síðasta ári og verður áfram lögð áhersla á að ávaxta eignir sjóðanna sem best að teknu tilliti til áhættu. Stærstur hluti fjárfestinga síðasta árs fór í innlend skuldabréf og voru lán til sjóðfélaga með líflegasta móti. Einnig var talsvert fjárfest í innlendum og erlendum hlutabréfum. Í

breyttri fjárfestingarstefnu, sem samþykkt var af stjórn sjóðanna í nóvember, er lögð áhersla á frekari áhættudreifingu. Framtakssjóðir, fasteignasjóðir og vognunarsjóðir koma inn sem nýir eignaflokkar. Þessir eignaflokkar falla undir aðrar fjárfestingar og eiga það sameiginlegt að hafa lága fylgni við hefðbundna eignaflokka og því ætti ávöxtun sjóðanna að sveiflast minna en áður. Gert er ráð fyrir að þessir eignaflokkar verði um 10% af heildareignum innan 3-5 ára. Í fjárfestingarstefnu er jafnframt gert ráð fyrir að skuldabréf verði helmingur eigna og þar af ríkistryggð skuldabréf og lán til sjóðfélaga 30%. Þá er gert ráð fyrir að innlend hlutabréf verði 10% og erlend hlutabréf 30% af heildareignum sjóðanna.

## Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar æ ríkari kröfur til fjárfesta að þeir beiti sér fyrir ábyrgum viðskiptaháttum. Á árinu 2006 tóku LSR og LH nokkur mikilvæg skref í þessum efnum. LSR gerðist aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. Principles for Responsible Investment).

Í reglunum er fjallað um hvernig áhersla á umhverfisleg og félagsleg málefni ásamt áherslu á góða stjórnunarhætti fyrirtækja geti haft áhrif á fjárfestingaárangur verðbréfasafna. Þannig megi betur samræma hagsmuni fjárfesta og markmið þjóðfélagsins í víðara samhengi með því að beita reglunum. Margir af stærstu lífeyrissjóðum í heiminum komu að gerð reglnanna eða hafa gerst aðilar að þeim.


Samhliða undirritun PRI-reglnanna samþykktu LSR og LH sameiginlega yfirlýsingu um kröfur þeirra til útgefenda verðbréfa sem sjóðirnir fjárfesta í.

## Ávöxtun ársins – erlendar eignir

Í lok árs 2006 námu erlendar eignir LSR og LH tæpum 98 milljörðum króna eða nálægt þriðjungum af heildareignum. Síðastliðin 10 ár hafa sjóðirnir fjárfest í erlendum verðbréfum með það að markmiði að bæta ávöxtun og dreifa áhættunni á fleiri hagkerfi en það íslenska. Þessi áhættudreifing skilaði sér vel á síðasta ári þegar íslenska hagkerfið lenti í erfiðleikum og krónan tók að veikjast. Við það jókst ávöxtun erlendra eigna í íslenskum krónum og var hún um 35% á árinu 2006. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig erlendar eignir sjóðanna hafa vaxið undanfarin 10 ár.

Róbert A.Róbertsson, forstöðumaður eignastýringar hjá sjóðnum bendir á að við ávöxtun erlendra eigna þurfi að huga að mörgum atriðum. Auk þess að vegna og meta vænta ávöxtun og áhættu þarf að gefa krónunni mikinn gaum þar sem hún er einn helsti áhrifavaldurinn. Til að milda sveiflur í ávöxtun nota sjóðirnir afleiðusamninga sem verja eignir sjóðsins vegna áhættu sem stafar af sveiflum íslensku krónunnar. Samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðanna skal varnarhlutfallið vera á bilinu 20-60% en við sérstakar aðstæður má hlutfallið vera 0-100%.

Þróun erlendar eignar sem hlutfall af heildareignum



# Öflug starfsemi hjá LSR

Viðtal við Þorkel R. Sigurgeirsson, skrifstofu- og fjármálastjóra LSR og LH.

Þorkell nam viðskiptafræði við HÍ og hóf störf hjá sjóðunum vorið 1998. Hann hefur fengið við ýmis störf hjá sjóðunum en hefur lengstum gegnt núverandi starfi sem skrifstofu- og fjármálastjóri.



*Hvað felst í starfi þínu sem skrifstofu- og fjármálastjóri?*

Mitt hlutverk er m.a. að halda utan um rekstur á skrifstofu sjóðanna. Ég veiti fjárreiðudeild sjóðanna forstöðu sem sér m.a. um bókhald, afstemmingar, uppgjör og ársreikningagerð fyrir sjóðina. Fjárreiðudeildin er stöðsvið fyrir önnur svið í starfseminni og fer stór hluti af mínu starfi í að vinna með öðrum sviðum og að málefnum sem varða sjóðina í heild sinni.

*Hvaða önnur svið eru í starfsemi sjóðanna?*

Starfsemi sjóðanna má skipta í sjö meginþætti; eignastýringu, iðgjaldadeild, lífeyrisdeild, lána-deild, séreignar- og kynningarmál, fjárreiðudeild og yfirstjórn. LSR og LH hafa sameiginlegt skrifstofuhald en LSR skiptist í 3 aðskildar deildir, A-deild, B-deild og séreignardeild.

*Nú hefur þú starfað hjá sjóðunum í tæp 9 ár. Hvaða breytingar hafa orðið á starfsemi sjóðanna á þeim tíma?*

Á þeim tíma hefur orðið gríðarleg breyting á starfsemi sjóðanna og á lífeyrissjóðakerfinu almennt. A-deild LSR tók til starfa á árinu 1997 og var þá jafnframt eldra réttindakerfi LSR og LH lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Á árinu 1999 hóf svo ríkissjóður að greiða aukalega til B-deildar LSR og LH til að mæta skuldbindingum í framtíðinni. Aukagreiðslur ríkissjóðs styrkja fjárhagsstöðu sjóðanna og gera þeim kleift að mæta skuldbindingum með eignum sínum til lengri tíma en annars hefði orðið. Um heillavænlegt skref er að ræða fyrir ríkissjóð sem dreifir þannig greiðslum sínum til sjóðanna til lengri tíma.

Með tilkomu viðbótarlífeyrissparnaðar á árinu 1999 varð mikil vakning í þjóðfélaginu um lífeyrismál. Sjóðfélagar gátu nú lagt aukalega til hliðar og fengið móttframlag og skattfrestun á sitt framlag. Þetta er hagkvæmasta sparnaðarform sem völ er á og ég hvet alla sjóðfélaga til að greiða í séreignarsjóð. Hjá Séreign LSR geta sjóðfélagar valið um mismunandi fjárfestingarleiðir sem sniðnar eru eftir aldri og áhættuþoli hvers og eins.

Fjárfestingarstarfsemi LSR og LH hefur einnig tekið miklum breytingum. Starfsmönnum eignastýringar hefur fjölgað mikið og sérhæfing

og þekking starfsmanna verið aukin. Eignir sjóðanna eru vel dreifðar með tilliti til áhættu í mörgum ólíkum eignaflokkum.

*Hvað með umfangið í starfsemi sjóðanna?*

Umfang í starfsemi sjóðanna hefur á sama tíma aukist gríðarlega, eignir sjóðanna hafa margfaldast og greiðandi sjóðfélögum og lífeyrisþegum fjölgað mikið. Þá hefur fjöldi starfsmanna sem vinna hjá sjóðunum tæplega tvöfaldast en í dag starfa 38 manns hjá LSR.

Á sjóðunum hvílir nú ríkari upplýsingaskylda, m.a. til opinberra eftirlitsaðila sem sjá til þess að sjóðirnir starfi skv. settum reglum. Samræmt opinbert eftirlit er af hinu góða og styrkir sjóðina í starfsemi sinni.

Sjóðirnir hafa undanfarin ár verið að endurnýja tölvukerfi sín og hófst sú vinna á árinu 2002. Ný tölvukerfi sjóðanna eru nú komin í fulla notkun. Starfsemi sjóðanna snýst að stórum hluta um að veita réttar upplýsingar á réttum tíma og með nýjum tölvukerfum standa sjóðirnir vel að vígi til framtíðar.

*Nú hafa verið miklar breytingar á lánamarkaði vegna fasteignakaupa, hvernig hefur það snert lánastarfsemi sjóðsins?*

Útlán til sjóðfélaga hafa aukist mikið á undanförunum árum og þjónusta og ráðgjöf í tengslum við útlán verið efl. Við veitum heildstæða ráðgjöf vegna lánamála og sjáum um allt sem tengist lánaferlinu. Við sjáum t.d. um að greiða upp önnur lán við lántöku hjá okkur og önnumst greiðslumat fyrir lántakendur, endurgjaldslaut. Við sjáum jafnframt um að útvega veðbókavottorð, fasteignamat og að þinglýsa skjölum fyrir þá lántakendur sem þess óska.

*Hvaða aðrar breytingar hafa orðið á þjónustu við sjóðfélaga á undanförunum árum?*

Sjóðirnir settu á laggirnar heimasíðu á árinu 1999 þar sem hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar um sjóðina og réttindakerfi þeirra. Sjóðfélagar geta á vefnum reiknað út lífeyrisréttindi út frá gefnum forsendum varðandi laun og lífeyrisaldur. Á sérstökum Sjóðfélagavef geta sjóðfélagar flett upp réttindum sínum og fylgst með iðgjaldaskilum launagreiðenda.

Þá veitum við jafnframt heildstæða ráðgjöf til sjóðfélaga vegna töku lífeyris og útborgunar séreignarsparnaðar. Þar að auki veita sjóðirnir margskonar ráðgjöf og aðstoð við launagreiðendur vegna iðgjaldaskila.


# Miklar breytingar á síðustu 10 árum

## Verðbréfaeign LSR og LH 2006

Miklar breytingar hafa orðið á starfsemi LSR og LH á síðustu 10 árum. Í árslok 1996 voru samanlagðar eignir sjóðanna 35,3 milljarðar kr. en þær voru 304,4 milljarðar í árslok 2006. Eignirnar hafa því tæplega nífaldast á þessum tíu árum. Þessa eignaaukningu má að stórum hluta rekja til stofnunar A-deildar LSR þar sem réttindi eru fjármögnuð með samtímaiðgjaldi, greiðslu ríkissjóðs inn á skuldbindingar við B-deild og góðrar ávöxtunar á tímabilinu. Árlega eignaaukningu má sjá á þessari mynd.


### Hrein eign á greiðslu lífeyris – LSR & LH

(Í millj. kr.)




Samsetningigna hefur breyst mikið á þessum árum. Í árslok 1996 voru eignir sjóðanna eingöngu í innlendum skuldabréfum, en í árslok 2006 var eignasafnið dreift milli hlutabréfa og skuldabréfa og innlendra og erlendra verðbréfa. Á meðfylgjandi myndum má sjá eignasamsetningu í árslok 1996 annars vegar og 2006 hins vegar.

### Verðbréfaeign LSR og LH 1996




### Verðbréfaeign LSR og LH 2006



Ávöxtun hefur verið góð á þessu tímabili, en hefur þó sveiflast mjög á milli ára. Hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun að frádregnum rekstrarkostnaði hefur að meðaltali verið 8,6% síðastliðin 5 ár og 6,4% síðastliðin 10 ár. Skilyrði á verðbréfamörkuðum hafa verið sérlega góð síðastliðin fjögur ár. Tekjur LSR og LH af fjárfestingum hafa numið 128 milljörðum króna á þessum fjórum árum og á síðasta ári einu námu tekjurnar tæplega 48 milljörðum. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig ávöxtun sjóðanna hefur verið ár fyrir ár síðustu 10 árin.


### Hrein raunávöxtun LSR og LH



Lífeyrisgreiðslur hafa aukist mikið á undanförmum árum. Á árinu 1996 greiddi sjóðurinn rúmlega 3,6 milljarða kr. í lífeyri til sjóðfélaga, en á árinu 2006 var greiddur lífeyrir til rúmlega 12 þúsund sjóðfélaga, samtals að fjárhæð 15 milljarðar kr. Á meðfylgjandi mynd má sjá breytingar á lífeyrisgreiðslum undanförmum 10 árum.

### Lífeyrisgreiðslur – LSR & LH

(Í millj. kr.)



## Séreign LSR

– ávöxtun óskert til sjóðfélaga

Séreign LSR tekur við frjálsum viðbótarsparnaði og ávaxtar hann. Séreignarsjóðir starfa allir eftir samþærilegum reglum og réttindi eiga því að vera eins milli sjóða. Það er þó margt sem getur verið ólíkt, s.s. hvernig ávöxtun er háttáð, hve mikill fjölbreytileiki er við val á fjárfestingarstefnu, hvernig gjöldum og þóknunum er háttáð auk þess hvernig almenn þjónusta er.

Séreign LSR býður upp á ólíkar fjárfestingarleiðir, rekstrarkostnaður er með lægsta móti og sýnilegur í daglegri ávöxtun, ekki er um að ræða önnur gjöld eða þóknunir. Hjá Séreign LSR eru sjóðfélagar einu hluthafarnir og rennur ávöxtun því óskert til þeirra. Mikilvægt er fyrir hvern og einn að kynna sér vel mismunandi valkosti og þá þjónustu sem veitt er og taka í framhaldinu meðvitaða ákvörðun um val á þeim séreignarsjóði sem þeir treysta best fyrir séreignarsparnaði sínum.

## Réttindi í A-deild

–viðtækar tryggingar og sveigjanleg starfslok

Með því að vera sjóðfélagi í A-deild LSR tryggir þú þér og fjölskyldu þinni viðtæk réttindi. Sjóðfélagar í LSR ávinna sér rétt til eftirlauna ævilangt, auk örorkutryggingar komi til tekjutaps vegna sjúkdóms eða slyss. Falli sjóðfélagi frá eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri.

Réttindi í A-deild reiknast út frá greiddum iðgjöldum og byggjast á fullri sjóðsöfnun. Eftir því sem iðgjöld eru hærri, því meiri verða réttindin.

Sjóðfélagar í A-deild geta hafið töku lífeyris hvenær sem er á aldrinum 60 til 70 ára og þurfa þeir ekki að vera hættir störfum þegar taka lífeyrs hefist.

Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.  
Ábyrgðarmaður: Haukur Hafsteinsson  
Umsjón: Ágústa H. Gísladóttir  
Hönnun og umbrot: Tunglið – auglýsingastofa

Lífeyrissjóðir • Bankastræti 7 • Sími: 510 6100  
Símatími 9:00–16:00  
Afgreiðslutími 9:00–15:30



Starfsmenn LSR í maí 2007 – mynd tekin í Bankastrætinu.

## Aukin þjónusta við lántakendur

LSR og LH hafa á síðustu árum unnið að því að auka þjónustuna við lántakendur. Sú nýbreyttni var meðal annars tekin upp undir lok síðasta árs að bjóða þeim að færa lánapappíra til þinglýsingar hjá embættum sýslumanna. Með því að þiggja þessa þjónustu geta lántakendur sparað sér ferðir til sýslumanns og þeir sleppa við að þurfa leggja beint út fyrir stimpil- og þinglýsingargjaldi en þau gjöld eru dregin af láni viðkomandi við útborgun. Enn sem komið er takmarkast þessi

þjónusta við höfuðborgarsvæðið þar sem sami hagur næst ekki gagnvart lántakendum með veð úti á landi. Um þessa þjónustu segir Þorbjörg Guðnadóttir deildarstjóri lánadeildar: „Þessi nýbreyttni hefur mælst vel fyrir og það eru sífellt fleiri sem þiggja hana og spara sér umstangið við þinglýsingu lánaskjala.“ Við þetta bætir Þorbjörg að áfram sé unnið að því á lánadeildinni að efla þjónustuna á ýmsan hátt, svo sem með framþróun á sviði upplýsingatækninnar.

## Mikil aukning LSR lána

Þróun útlána hefur því verið mjög jákvæð síðustu árin fyrir lífeyrissjóðina sem ávaxta hluta eigna með útlánum til sjóðfélaga. Alls veittu sjóðirnir ný lán fyrir 7,3 milljarða árið 2006. „LSR og LH hafa boðið sjóðfélögum sínum einhver hagstæðustu íbúðalána á íslenskum lána-

markaði sem í boði hafa verið frá því að framboð íbúðaveðlána jókst 2004 sem skýrir eflaust að hluta vinsældir þeirra. Þá er einnig ánægjulegt að vanskil eru í sögulegu lánmarki“ segir Anna Sigríður Arnadóttir viðskiptafræðingur á lánadeild lífeyrissjóðanna

## Ávöxtun Séreignar 2006

Ávöxtun ársins 2006 var á heildina lituð góð. Í Leið 1 var ávöxtun mjög góð, eða 17,9% og raunávöxtun nam 10,2%. Ávöxtun Leiðar II var 12,3% á síðasta ári og raunávöxtun 5,0%.

Ávöxtun Leiðar III nam 11,7% á síðasta ári og raunávöxtun nam 4,5%. Eignir Leiðar III eru ávaxtaðar á bundnum, verðtrygðum innlánsreikningum.

### Ávöxtun, eignir og fjárfestingarstefna

	Nafn- ávöxtun	Raun- ávöxtun	Eignir (m. kr.)	Erlend hlutabréf	Innlend hlutabréf	Erlend skuldabréf	Innlend skuldabréf	Aðrar fjár- festingar	Innláns- reikningur	Sveiflur í ávöxtun	Aldur í Sér-leið
Leið I	17,9%	10,2%	3.966,5	30%	10%	5%	45%	10%		meiri sveiflur	54 ára og yngri
Leið II	12,3%	5,0%	1.263,0	12%	5%	5%	70%	8%		minni sveiflur	55 ára og eldri
Leið III	11,7%	4,5%	444,9						100%	lágmarksveiflur	lífeyrisþegar

